

Minnisblað

Viðtakandi: **Allsherjarnefnd Alþingis**
Sendandi: **Forsætisráðuneytið**
Dagsetning: **04.12.2008**
Málsnúmer: **FOR08020005**
Bréfalykill: **0101**

Efni: Svar við fyrirspurn á fundi með allsherjarnefnd Alþingis 28. nóvember 2008

Á fundi með allsherjarnefnd Alþingis 28. nóvember sl. var farið yfir fjárlagatillögur æðstu stjórnar ríkisins og forsætisráðuneytisins í fjárlagafrv. 2009 og helstu breytingar milli ára. Á fundinum var óskað eftir nánari upplýsingum varðandi kostnað sem til hefur fallið á lið forsætisráðuneytisins í tengslum við ráðgjöf vegna breytinga í heilbrigðis- og tryggingamálum. Ráðuneytið hefur tekið saman útgjöld vegna ráðgjafavinnu sbr. eftirfarandi:

Ráðgjöf við undirbúning breytinga í heilbrigðis og tryggingamálum.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á skipulagi heilbrigðis- og tryggingamála, sem meðal annars felur í sér tilflutning verkefna frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, nú heilbrigðisráðuneyti, til félagsmálaráðuneytis, nú félags- og tryggingamálaráðuneyti. Verkefnisstjórn var skipuð undir forystu forsætisráðuneytis sem hefur yfirumsjón með framvindu verkefnisins. Verkefnið snýr einnig að uppskiptingu Tryggingastofnunar ríkisins. Vegna eðlis framangreindrar vinnu hefur kostnaður er lýtur að ráðgjöf við undirbúning breytinganna verið vistaður undir fjárlagalið hjá forsætisráðuneytinu, enda talið vandasamt að skipta slíkum kostnaði milli þeirra tveggja ráðuneyta sem í hlut eiga. Um er að ræða innlenda og erlenda ráðgjafavinnu og eru bókfærð útgjöld vegna ráðgjafa- og sérfræðikostnaðar auk annars kostnaðar á árinu 2007 samtals kr. 11.726.879 og það sem af er árinu 2008 samtals kr. 37.429.474. eða samtals kr. 49.156.353. Meðtalið er ferðakostnaður sérfræðinga auk funda- og símkostnaðar. Ráðgjafafyrirtækið InDevelop Ísland ehf. hefur annast vinnuna. Nöfn helstu sérfræðinga á þeirra vegum eru Ágúst Þór Jónsson, verkfræðingur og verkefnastjóri, Sigurður Helgason, stjórnsýslufræðingur og staðgengill verkefnisstjóra, Anna Hedlin, hjúkrunarfræðingur MBA, og Anders Wikman, viðskiptafræðingur. Með ráðgjöfunum vinnur auk ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins fulltrúi frá fjármálaráðuneytinu, Arnar Þór Másson, stjórnsmálafræðingur.

